

Íslenska kalkpörungafélagið ehf
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur

Reykjavík, 16.4.2024
UST202301-128/F.T.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 11. júlí 2023 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í kalkpörungaverksmiðju Íslenska kalkpörungafélagsins þann 1. júní 2023. Tveimur frávikum var lokað í bréfinu. Þann 24. ágúst 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila vegna fjögurra frávika ásamt því að uppfærð áætlun dags. 9. október 2023 barst vegna eins fráviks sem stofnunin hafði óskað eftir.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Ryk í útblæstri eldri þurrkara verksmiðjunnar var yfir mörkum í mælingu sem var gerð 8. og 9. maí 2023. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur fyrirtækið unnið að því undanfarin ár að setja upp *bagfilter* búnað á útblástur frá eldri þurrkara verksmiðjunnar. Fyrirtækið hafi þegar keypt mikið af þeim búnaði sem þarf til verksins. Tafir hafi þó orðið þar sem örðugt hafi reynst að samræma þá verktaka sem þurfi og að finna húsnæði fyrir alla á sama tíma. Áætluð verklok eru fyrir lok árs 2024.**
2. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Styrkukning svifagna á mælipunkti 3 var 52 mg/l þann 27.9.2022 sem er umfram heimild í starfsleyfi. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að mælingar hafi verið framkvæmdar á svifögnum tvisvar á ári, fyrir og eftir dælingar. Niðurstöður eftir dælingu séu oft lægri, sbr. mælingar í mars 2023. Rekstraraðili telur að mikil skipaumferð eftir dælingu hafi mest áhrif á niðurstöður mælinganna. Hér eftir muni rekstraraðili bregðast við of mikilli aukningu svifagna (yfir 2mg/L) með því að endurtaka sýnatökuna og senda aftur í mælingu. Ef aukning verði yfir mörkum verði gripið til aðgerða. Umhverfisstofnun óskar eftir því að stofnunin verði upplýst um ef styrkukning svifagna mælist of mikil, hvaða aðgerða skuli þá gripið til og niðurstöður nýrrar mælingar.**

3. Gr. 3.13 í starfsleyfi. Hávaði í íbúabyggð mældist oft yfir leyfilegum mörkum árið 2022. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að þeir sem taki hávaðamælingarnar hafi verið hvattir til þess að skrá niður allt sem geti haft áhrif á mælingarnar, s.s. hvort vinnsla annarra fyrirtækja sé í gangi, hvort mikill vindur sé, hvort framkvæmdir eða umferð hafi áhrif eða hvort verksmiðjan sé stopp. Mælingar sem teknar séu á nóttunni sýni að hávaði fari einnig yfir 40 Db þó svo að verksmiðjan sé stopp.**

4. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Hávaði var ekki mældur á þeim stöðum sem tilgreindir eru í strafsleyfi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur nýjum mælipunkti (Tjarnarbr 10) verið bætt við í þeim mælingum sem gerðar eru.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur